

Tilmæli 29/2018

Fyrri skjalsnúmer	A 1735/velfærd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal	Nefndarálit um þingmannatillögu um útvíkkaða jafnlaunavottun

Jafnrétti á vinnumarkaði

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2018 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að aðstoða ríkisstjórnir Norðurlanda við gerð samnorrænnar jafnlaunavottunar/gæðamerkingar sem tekur til samverkandi áhrifa fleiri þátta;

að miðla markvisst milli Norðurlanda góðum dæmum um aðgerðir gegn kynjuðu námsvali í því skyni að forðast kynjaskiptan vinnumarkað;

að miðla milli Norðurlanda góðum dæmum um aukin tækifæri til að velja fullt starf í stað hlutastarfs.

Kaupmannahöfn, 5. nóvember 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs